

13

31. marz

## L Ö G

um viðauka við bifreiðalög, nr. 23 16. júní 1941, með á orðnum breytingum.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Á eftir VII. kafla laganna komi nýr kafli, VIII. kafli, Um reiðhjól með hjálparvél, með fjórum greinum (verða 41.—44. gr.), svo hljóðandi:

a. (41. gr.) Reiðhjól með hjálparvél nefnist í lögum þessum sérhvert reiðhjól, sem í er aflvél minni en 1 hestafl, þó ekki yfir 50 rúmentimetra strokkrúmmál og ekki yfir 50 kg. að þyngd.

b. (42. gr.) Enginn má stýra reiðhjóli með hjálparvél, nema hann sé orðinn 15 ára að aldri og hafi næga kunnáttu í akstri og umferðarreglum að dómi lögreglustjóra, svo og næga andlega og líkamlega hreysti. Lögreglustjórar veita mönnum heimild til að stýra reiðhjólum með hjálparvél, og skal heimildin rituð í innlend vegabréf heimildarhafa gegn gjaldi, sem dómsmálaráðherra ákveður.

Umsókn um leyfi til að stýra reiðhjóli með hjálparvél skal fylgja vottorð bifreiðaeftirlitsmanns um, að umsækjandi hafi næga hæfni til að stjórna slíku reiðhjóli og þekki umferðarreglur. Verði vottorðs bifreiðaeftirlitsmanns ekki aflað án verulegrar fyrirhafnar og tafar, skal umsækjandi snúa sér til lögreglustjóra, sem felur hæfum manni að reyna aksturskunnáttu umsækjanda og hæfni hans að öðru leyti til að aka reiðhjóli með hjálparvél. Kemur vottorð þess manns í stað vottorðs bifreiðaeftirlitsmanns. Merkja skal hjól sérstaklega sem æfingahjól, meðan þau eru notuð þannig.

c. (43. gr.) Fyrir skrásetningu og skoðun reiðhjóla með hjálparvél skal greiða gjald í rikissjóð, en upphæð þess ákveður dómsmálaráðherra með reglugerð.

Reiðhjól með hjálparvél skulu undanþegin bifreiðaskatti og ökumannstryggingu, en að öðru leyti gilda um þau, ökumenn þeirra, eigendur, tryggingar og akstur, ákvæði laga þessara eftir því sem við á, svo og ákvæði laganna um refsingar og sviptingu réttinda.

d. (44. gr.) Dómsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um gerð reiðhjóla með hjálparvél, skrásetningu þeirra, skoðun og akstur, svo og útgáfu ökuréttinda og undirbúning þeirra.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 31. marz 1955.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*